


Fréttabréf

Hörgárbyggðar

13. tbl., 6. árg., 9. desember 2006 Ábm.: Guðmundur Sigvaldason



ATVINNA

Starfsmaður óskast í ræstingu við leikskólann Álfastein í tvo tíma á dag.

Viðkomandi þarf helst að hefja vinnu kl. 15:45.

Upplýsingar veitir leikskólastjóri í síma 461-2624 / 461-2646 kl. 8:30 – 13:30 alla virka daga.

FUNDUR

í sveitarstjórn Hörgárbyggðar

verður mánudaginn 18. desember 2006 kl. 20:00 í þelamerkurskóla.

Dagskrá fundarins mun birtast á heimasíðu sveitarfélagsins síðdegis þann 15. desember og jafnframt liggja frammi á skrifstofu þess.

Skrifstofa Hörgárbyggðar

Skrifstofan er opin að jafnaði frá 10:00 til 12:00 og 13:00 til 15:00 á virkum dögum, nema á föstudögum. Símatími er á sama tíma.

Sími: 461-5474, fax 461-5475. Netfang: horgarbyggd@horgarbyggd.is.

Veffang: www.horgarbyggd.is

Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar:

Fundur nr. 97 6. desember 2006

Mætt voru: Árni Arnsteinsson, Birna Jóhannesdóttir, Guðný Fjóla Arnmarsdóttir, Helgi Bjarni Steinsson og Jóhanna María Oddsdóttir, ásamt Guðmundi Sigvaldasyni sveitarstjóra.

1. Endurskoðun fjárhagsáætlunar fyrir árið 2006

Endurskoðuð fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að tekjur aðalsjóðs (skatttekjur og vaxtatekjur) hækki samtals um kr. 4.369.000, gjöld aðalsjóðs hækki um kr. 13.713.000 gjöld eignasjóðs hækki (nettó) um kr. 26.533.000 og tekjur fráveitu hækki um kr. 445.000 þús.

2. Álagningarhlutfall útsvars fyrir árið 2007

Bréf, dags. 28. nóv. 2006, frá Sambandi ísl. sveitarfélaga þar sem vakin er athygli á tilkynningarskyldu um ákvörðun á útsvarsprósentu fyrir tekjuárið 2007. Sveitarstjórn ákvað að útsvarsprósentan fyrir árið 2007 verði óbreytt frá árinu 2006, þ.e. 13,03%.

3. Álagningarhlutföll fasteignagjalda fyrir árið 2007

Lögð fram drög að tillögu að álagningarhlutföllum fasteignagjalda fyrir árið 2007 og drög að reglum um afslátt á fasteignaskatti fyrir elli- og örorkulífeyrisþega. Sveitarstjórn ákvað að álagningarhlutföll fasteignaskatts skv. a-lið og c-lið á árinu 2007 verði þau sömu og á árinu 2006, þ.e. A-gjald 0,40% og C-gjald 1,40% af fasteignamati. Skv. lögum verður fasteignaskattur skv. b-lið 0,88% af fasteignamati. Ákveðið var að álagningarhlutfall holræsagjalda á árinu 2007 verði það sama og á árinu 2006, þ.e. 0,18% af fasteignamati. Afsláttur elli- og örorkuþega af fasteignaskatti verði að hámarki kr. 30.000 vegna eigin íbúðar, auk allt að kr. 10.000 tekjutengds viðbótarafsláttar, sbr. sérstakar reglur þar um. Vatnsgjald verður áfram innheimt fyrir Norðurorku hf. eins og á árinu 2006.

4. Fundargerð stjórnar Íþróttamiðstöðvarinnar, 23. nóv. 2006

Fundargerðin er í tveimur liðum. Þar kemur fram að forstöðumaður Íþróttamiðstöðvarinnar hefur sagt starfi sínu lausu. Sveitarstjórn Hörgárbyggðar þakkar Helga Jóhannssyni fyrir vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins og óskar honum velfarnaðar í framtíðinni. Fundargerðin að öðru leyti afgangið án athugasemda.

5. Fjárhagsáætlun Íþróttamiðstöðvarinnar á þelamörk fyrir árið 2007, fyrri umræða

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun Íþróttamiðstöðvarinnar fyrir árið 2007.

6. Fundargerð framkvæmdanefndar Þelamerkurskóla, 30. nóv. 2006

Fundargerðin er í fjórum liðum. Fundargerðin rædd og afgreidd án athugasemda.

- 7. Fjárhagsáætlun þelamerkurskóla fyrir árið 2007, fyrri umræða**
Lögð fram drög að fjárhagsáætlun þelamerkurskóla fyrir árið 2007.
- 8. Fjárhagsáætlun sveitarsjóðs fyrir árið 2007, fyrri umræða**
Lögð fram drög að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs Hörgárbyggðar fyrir árið 2007.
- 9. Fundargerð fjallskilaneftndar, 23. nóv. 2006**
Fundargerðin er í fjórum liðum. Fundargerðin rædd og afgreidd.
- 10. Sauðfjársjúkdómar, stofnun samráðsnefndar sveitarfélaga**
Lagðar fram skýrslur, frá Ármanni Gunnarssyni og Guðmundi Skúlasyni, um fund sem haldinn var 15. nóv. 2006 um stofnun samráðsnefndar sveitarfélaga frá Skjálfandafhljóti að Vatnsskarði um varnir gegn sauðfjársjúkdómum. Skv. skýrslu Ármanns var ákveðið að efna til funda um málið fyrir smalamennskur næsta haust. Lagt fram til kynningar.
- 11. Vélaver hf., fyrirspurn um lóð**
Bréf, dags. 30. nóv. 2006, frá Vélaveri hf., þar sem óskað er eftir formlegum svörum um iðnaðar- og athafnalóð við Blómsturvallaveg. Sveitarstjóra var falið að svara bréfitara í samræmi við umræður á fundinum.
- 12. Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, aðild Grímseyjarhrepps**
Bréf, dags. 24. nóv. 2006, frá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar, þar sem óskað er eftir samþykki fyrir aðild Grímseyjarhrepps að AFE, sbr. samþykktir félagsins. Sveitarstjórn býður Grímseyinga velkomna í félagið fyrir sitt leyti.
- 13. Fundargerð heilbrigðisnefndar, 8. nóv. 2006**
Fundargerðin er í þrettán liðum. Lögð fram til kynningar.
- 14. Fundargerð stjórnar Minjasafnsins, 22. nóv. 2006**
Fundargerðin er í þremur liðum. Lögð fram til kynningar.
- 15. Fundargerð stjórnar Sorpeyðingar Eyjafjarðar bs., 23. nóv. 2006**
Fundargerðin er í fjórum liðum. Lögð fram til kynningar.
- 16. Fundargerð kjörstjórnar, 27. nóv. 2006**
Fundargerðin er í einum lið. Lögð fram til kynningar.
- 17. Umhverfisstofnun, minkaveiðiátak**
Bréf, dags. 6. des. 2006, frá Umhverfisstofnun um tilnefningu lykilsveiðimanns fyrir Hörgárbyggð vegna minkaveiðiátaks. Sveitarstjóra falið að afgreiða málið.

Söfnunardagur á heyrúlluplasti (baggaplasti)

er mánudaginn 11. desember

Plastið má ekki vera með neina aðskotahluti, t.d. garn og net og net, og ganga þarf frá því í meðfærilega bagga.

Háhraðatengingar

Á vegum fjarskiptasjóðs, sem er í samgönguráðuneytinu, er unnið að því að fyrir árslok 2007 geti allir, sem þess óska, haft aðgang að háhraðatengingu fyrir tölvur. Þar sem slík þjónusta verður ekki veitt á venjulegum markaðsforsendum, t.d. vegna fámennis eða langra vegalengda, mun fjarskiptasjóður sjá til þess að þjónustan verði engu að síður fáanleg. Á þeim svæðum verða háhraðatengingarnar boðnar út.

Stór hluti af Hörgárbyggð er á því svæði sem fjarskiptasjóður mun láta til sín taka. Starfsmaður sjóðsins hefur haft samband við sveitarfélagið um að veita sjóðnum upplýsingar um aðstæður á svæðinu og vilja íbúa til að nýta sér væntanlega þjónustu. Fljótlega eftir áramót verður sent bréf til þeirra íbúa Hörgárbyggðar, sem nú hafa ekki aðgang að háhraðatengingu, um vilja þeirra til að nýta sér slíka þjónustu.

Minkaveiði-átak

Á vordögum hefst þriggja ára tilraunaverkefni þar sem kanna á hvort gerlegt er að útrýma mink á Íslandi. Átakið skiptist í minkarannsóknir á Snæfellsnesi og veiðiátak á tveimur svæðum, á utanverðu Snæfellsnesi og við Eyjafjörð. Í Eyjafirði fer átakið fram á svæðinu frá Kaldbak að austan inn í botn Eyjafjarðardals og út að Ólafsfjarðamúla að vestan, ásamt þverðölum. Á árinu 2007 er stefnt að fjórföldu veiðiálagi á þessu svæði, miðað við það sem verið hefur, aftur fjórföldu árið 2008 og síðan tvöföldu veiðiálagi á síðasta ári átaksins.